

Landsfundur Kvinnalistsans leggur fram róttækar tillögur til að bæta hlut kvenna:

# Konur verði sjálfstæðar

Á blaðamannafundi Kvinnalistsans í gær voru kynntar ályktanir frá landsfundi Kvinnalistsans sem fram fór í Básum í Ölfusi um síðustu helgi. Þar er m.a. bent á leiðir til þess að konur verði fjárhagslega sjálfstæðar, félagslegt sjálfstæði kvenna verði að veruleika og menningarlegt og líkamlegt sjálfstæði kvenna verði virt.

Meðal atriða sem lögð eru til er að fram fari endurskoðun skattalaganna með það fyrir augum að ný skattlagning verði til hagsbóta fyrir konur. Afnáam þess að konur beri gjöld af öðrum tekjum og eignum en þær eru skráðar fyrir. Endurskoðun atvinnulífs útfrá sjónarmiði kvenna og með hagsmuni kvenna í huga og að konur hljóti sjálfstæð lífeyrisréttindi.

Til þess að líkamlegt sjálfstæði kvenna verði virt leggja Kvinnalistskonur til að viðbrögð við nauðgunum og ofbeldi gegn konum og börnum verði hardari, atлага verði gerð gegn vaxandi klámi í þjóðfélaginu og fræðsla um kynlíf og getnaðarvarnir verði stórauðin. Þá telur landsþingið að viðurkenningu skorti

á reynslu og menningu kvenna sem stefnumótandi afls í þjóðfélaginu og bjóða þurfi upp á aðstæður þar sem sköpunarþróttur kvenna fái óhindrað notið sín, svo að menningararfleifið kvenna geti sífellt orðið uppspretta nýrrar sköpunar.

Í ályktun frá landsfundinum er lagt til að innan Bygðastofnunar verði komið á fót sérstakri stofnun

þar sem fjallað verði um málefni, líf og störf kvenna. Þar starf eingöngu konur með reynslu af jafnréttisstarfi og kvennaráðgjöf og skuli í lög bundið að a.m.k. 20% af árlegu framlagi ríkisins til Bygðastofnunar verði varið til kvennadeildarinnar. Hún verði staðsett við útibú stofnunarinnar á Akureyri.

- ÁG



Frá blaðamannafundi Kvinnalistsans í gær.

Tímamynd: Árni Bjarna

T-31.10.89